

Innviðaráðuneytið
b.t. Hólmfríðar Bjarnadóttur, skrifstofustjóra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. ágúst 2023
Tilvísun: 2023080029/15.1

Efni: Umsögn um Grænbók um skipulagsmál

1. Almenn

Vísað er í drög að „Grænbók um skipulagsmál“ sem innviðaráðherra hyggst gefa út. Undirfyrirsögnin er „Stöðumat og valkostir“. Drögin eru nú í opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda og telur Fjaraskiptastofa (FST) vera tilefni til að fjalla um tiltekna þætti fjaraskiptalaga og tengdra laga sem hafa snertiflöt við skipulagsmál.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 75/2021 um Fjaraskiptastofnun skal hún með starfsemi sinni stuðla að aðgengilegum, greiðum, hagkvæmum, skilvirkum og öruggum fjaraskiptum. Þá er tekið fram að stofnunin skuli gæta að byggðasjónarmiðum og umhverfissjónarmiðum í starfsemi sinni. Sérstaklega er fjallað um hlutverk FST hvað varðar framþróun og uppbyggingu fjaraskiptaneta í 12. gr. laganna, en í 2. mgr. ákvæðisins segir að stofnunin skuli leitast við að sýna framsýni og frumkvæði, fylgjast grannt með tækniþróun á alþjóðavísu og leitast við að hafa getu til að takast á við tæknilegar áskoranir og samfélagsbreytingar sem fylgja fjórðu iðnbyltingunni, hlutanetinu, gervigreind og annarri nýtækni sem fjaraskipta- og nettækni kann að byggjast á.

Evrópsk fjaraskiptalög voru nýlega tekin til heildarendurskoðunar, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2018/1972/EU, í þeim tilgangi að gera aðildarríki EES-svæðisins betur í stakk búin til að nýta sér tækifæri tækniframfara sem munu á næstu árum setja mark sitt á viðskipta- og atvinnulíf, rannsóknar og menntamál og raun á alla samfélagsgerðina eins og við þekkjum hana. Téd tilskipun var innleidd í íslensk lög með endurútgáfu á lögum um fjaraskipti nr. 70/2022 sem tóku gildi þann 1. september á síðasta ári.

Framangreind breyting hefur verið nefnd fjórða iðnbyltingin þar sem nettengt tæki stýra þjónustu og framleiðslu, safna gögnum og vinna úr þeim með hjálp gervigreindar. Því er spáð að hagnýting þessarar nýju tækni verði lykilinn að verðmætasköpun og hagsæld þjóða heims í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi á komandi árum. Undirstaða þeirrar framtíðar eru öflugir innviðir fjaraskipta sem kalla á ljósleiðarasambönd við allar útstöðvar fjaraskiptanetanna. Aðlaga þarf regluverk skipulagsmála að þessari hröðu og víðfeðmu uppbyggingu háhraða fjaraskiptaneta. Þráðlaus staðarnet (s.k. heitir reitir), þurfa að vera útbreidd og aðgengileg notendum og geta þjónað nettengdum tækjum. Mikilvægt er að slíkur þráðlaus sendabúnaður staðarneta sé settur upp í sátt við umhverfið og skipulagssjónarmið.

Í næstu köflum verður fjallað nánar um framangreint og aðra þætti í fjaraskiptum þar sem skipulagsmál koma við sögu, t.d. ráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðlegar fjaraskiptatruflanir.

2. Fyrirkomulag leyfisveitinga og framkvæmdaleyfi

Fjarskiptainnviðir eru raunlægir innviðir sem geta verið plássfrekir og haft sýnileg áhrif á umhverfið, s.s. háreist möstur og tækjarými sem staðsett eru utan byggða. Meginforsendan fyrir uppbyggingu fjarskiptainnviða er réttur fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að landi til slíkrar uppbyggingar, sem tryggður er í 34. gr. fjarskiptalaga, að höfðu samráði við landeigendur um val á lagnaleið. Stærri framkvæmdir kunna þó að kalla á útgáfu framkvæmdaleyfis af hálfu skipulagsyfirvalda á sveitarstjórnarstigi. Eftir því sem FST veit best hefur slíkt leyfisveitingaferli almennt gengið ágætlega. Það er þó þörf á því að gera leyfisveitingarferlið skilvirkara og endurskoða tiltekin atriði hvað það varaðar í samræmi við nýja Evrópulöggjöf, sem fjallað verður betur um í kafla hér að neðan.

2.1. Nánar um framkvæmdaleyfi

Helst kemur til álita að uppbygging á fjarskiptanetum og -aðstöðu kalli á að sveitarfélag gefi út framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Þá reynir á hvort framkvæmdin teljist vera meiriháttar í skilningi 4. gr., en framkvæmdir í þágu fjarskipta er ein tegund framkvæmda sem háðar eru framkvæmdaleyfi samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar. Það er matskennt úrlausnarefni hvort framkvæmd teljist vera meiriháttar, en það getur verið mismunandi eftir því hvaða tegund fjarskiptavirkja á í hlut, hvaða aðferðum er beitt og eftir landfræðilegum staðháttum á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, en m.a. skal hafa til hliðsjónar stærð svæðis og umfang framkvæmdar, varanleika og áhrif á landslag og ásýnd umhverfisins og önnur umhverfisáhrif.

Síðasta sumar reyndi á álitamál um hvort að lagning ljósleiðarastrengs á vegum Ljósleiðarans ehf. í gegnum Þykkvabæ væri háð framkvæmdaleyfi af hálfu Rangárþings ytra. Sveitarfélagið ákvað að nýta sér úrræði til að fá afstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til þessa álitaefnis. Almennt er gert ráð fyrir að lagning strengja í jörðu sé háð framkvæmdaleyfi ef lengd þeirra er meiri en 10 km utan þéttbýlis. Hins vegar skiptir máli hvaða tegund jarðvegsframkvæmda um ræðir, en hér er annars vegar átt við hefðbundinn skurðgröft eða lagningu strengs með s.k. plægingu, þ.e. þegar rák er rist í jarðveginn og um leið dreginn strengur í plógfarið, en jafnað er um skurðsárið jafnóðum og framkvæmdin á sér stað. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var á þá leið að framkvæmdin væri ekki framkvæmdaleyfisskyld, þótt að lengd strengsins væri meiri en 10 km, í ljósi landfræðilegra staðhátta og þeirrar aðferðar sem notuð yrði við lagningu ljósleiðarans, sbr. úrskurð í máli nr. 110/2022.¹

FST telur framangreint úrskurðarmál vera til marks um að reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi mætti vera skýrari þegar kemur veitingu framkvæmdaleyfa vegna uppbyggingu á fjarskiptainnviðum. Reyndar stendur fyrir dyrum, með nýrri tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins, að aðildarríkjum EES-svæðisins verði gert skylt að gera leyfisveitingaferli vegna uppbyggingar á fjarskiptainnviðum einfaldara og skilvirkara.

2.2. Kröfur um einfaldara og skilvirkara leyfisveitingaferli

Eins og greint var frá í inngangi umsagnarinnar var það eitt af meginmarkmiðum nýrrar fjarskiptalöggjafar Evrópusambandsins að stuðla að hraðari og hagkvæmari uppbyggingu

¹ Sjá úrskurð: <https://uua.is/urleits/110-2022-ljosleidarastrengur/>

háhraðaneta. Í þessu sambandi var ekki einblínt á fjarskiptalöggjöfina eingöngu, heldur einnig horft til regluverks sem gildir um þá aðstöðu sem gjarnan er nýtt við uppbyggingu fjarskiptainnviða. Hér er um ræða óvirka innviði (passífa innviði) veitufyrirtækja, t.d. rör, stokka í hitaveitu- og holræsakerfum og möstur, tækjarými og stokka í raforkudreifikerfum. Einnig innviða sem eru á forræði ríkis eða sveitarfélaga, s.s. vegir, jarðgöng og ljósastaurar. Með útgáfu á tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 61/2014/EU um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar á háhraðanetum voru settar reglur um ívilnandi ráðstafanir um aðgangsrétt fjarskiptafyrirtækja að óvirkum innviðum rekstraraðila efnislegra grunnvirkja. Ætlunin var sú að virkja þau samlegðaráhrif sem felast í samnýtingu á efnislegum grunnvirkjum fyrir fjarskipti og samhæfing fjarskiptafyrirtækja og veitufyrirtækja við jarðvegsframkvæmdir.

Það sem er mikilvægt í þessu sambandi er að litið er á leyfisveitingar af hálfu stjórnvalda, t.d. framkvæmdaleyfi sveitarfélaga, sem ígildi aðstöðu sem fjarskiptafyrirtæki þurfa að útvega sér og er forsenda uppbyggingar. Því fjallar eitt meginákvæði tilskipunarinnar um hvaða ráðstafanir EES-riki þurfi að gera varðandi fyrirkomulag leyfisveitinga þegar kemur að uppbyggingarframkvæmdum á háhraða fjarskiptanetum. Þegar fyrrnefnd tilskipun var innleidd með lögum nr. 125/2019 um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta var ekki ráðist í að innleiða þær kröfur tilskipunarinnar sem snéru að skipulagsmálum.

Nú stendur yfir vinna á vegum Evrópusambandsins við endurskoðun á fyrrnefndri tilskipun með útgáfu reglugerðar og af þeim lögskýringargögnum sem nú liggja fyrir er það ekki síst vegna þess að umbætur á fyrirkomulagi leyfisveitinga í aðildarríkjum sambandsins hafa ekki skilað nægilegum árangri.² Um þetta segir m.a. í forsendum frumvarps til breytinga á tilskipuninni:

„Verulega hefur hægt á uppsetningu neta um allt ESB vegna skorts á samhæfingu milli mismunandi yfirvalda sem bera ábyrgð á leyfisveitingum, margvíslegra leyfa sem þarf til uppsetningar neta, skorts á rafrænum ferlum fyrir leyfisumsóknir og að almennt eru frestir til veita framkvæmdaleyfi ekki virtir, þar með talið leyfi fyrir umferðarrétt.“³

Nú vill sambandið ganga lengra í einföldun á leyfisveitingaferli í tengslum við uppbyggingu á háhraðanetum og útfæra nánar hvað skuli vera fólgið í slíkri einföldun. Mælt er fyrir um þessar ráðstafanir í 7. gr. reglugerðardraganna og þær útskýrðar í 39.-43. gr. formálsorða. FST gerir nú grein fyrir helstu ráðstöfunum sem þyrfti að huga að með breytingum á reglugerð nr. nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og mögulega lögum og öðrum reglugerðum.

Hámarksafgreiðslutími leyfisumsókna

Gert er ráð fyrir að umsóknir um leyfi til uppbygginga á háhraða fjarskiptanetum séu afgreiddar innan fjögurra mánaða frá því að fullbúin umsókn berst leyfisveitanda. Tekið er fram að takist leyfisveitanda ekki að afgreiða umsóknina innan þeirra tímamarka skoðist umsóknin samþykkt að þeim tíma liðnum, nema að leyfisveitandi geri sérstaka ráðstöfun með

² <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:52023PC0094>

³ Tilvitnað textabrot er ekki lögformleg íslensk þýðing á umræddri gerð Evrópusambandsins.

Því að tilkynna umsækjanda um framlengdan afgreiðslutíma. Slík framlenging skal vera málefnaleg og rökstudd og vara í eins stuttan tíma og kostur er.

Samhliða málsmeðferð

Þegar tiltekin framkvæmd um uppbyggingu háhraða fjarskiptanets kallar á leyfisveitingu frá fleiri en einu stjórnvaldi ber að tryggja að unnið sé úr umsóknum í samhliða málsmeðferð, þ.e. að ekki þurfi að bíða eftir afgreiðslu frá einu stjórnvaldi til að úrvinnsla umsóknar komi til úrvinnslu hjá öðru stjórnvaldi. Þetta getur átt við þegar um er að ræða uppbyggingu á fjarskiptanetum, t.d. þarf leyfi frá Fiskistofu, ef jarðstrengur þverar vötn og ár, eða frá Umhverfisstofnun, ef framkvæmdir þurfa að eiga sér stað innan friðlýstra svæða. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir því að hvert stjórnvald taki umsóknir til afgreiðslu óháð stöðu leyfisveitinga frá öðrum stjórnvöldum í leyfisveitingarferlinu.

Afstaða til fullbúinnar umsóknar

Til að forðast óeðlilegar tafir verður leyfisveitandi að ákveða hvort leyfisbeiðnin sé tæmandi, m.t.t. þeirra skilyrða sem hún þarf uppfylla, innan 15 daga frá móttöku hennar. Leyfisbeiðnin á að teljast fullbúin nema lögbært yfirvald bjóði umsækjanda að veita upplýsingar sem vantar innan þess frests.

Undanþágur frá leyfisveitingum

Gert er ráð fyrir að tiltekna framkvæmdir við uppbyggingu háhraða fjarskiptaneta geti verið undanþegar leyfisveitingu. Kallar þetta á flokkun á ólíkum netþáttum fjarskiptainviða, þar sem sumir netþættir og framkvæmdir vegna þeirra séu undanþegnir leyfisveitingu. Hér mætti t.d. hugsa sér að lagning ljósleiðarastrengja í jörðu með s.k. plægingaraðferð væri undanþegin framkvæmdaleyfi, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála sem vísaða var til hér að framan. Þá er tekið fram að allar framkvæmdir við uppbyggingu háhraða fjarskiptaneta sem eru undanþegar leyfisveitingu á grundvelli Evrópulöggjafar skuli jafnframt undanþegar að landsrétti.

Ætlað samþykki umsóknar

Í stað þess að framkvæmdir um tiltekna netþætti séu undanþegar leyfisveitingu kann að vera nærtækara að umsóknir um slíka netþætti skoðist samþykktar innan einhvers tíma, nema að leyfisveitandinn geri athugasemdir og þá fari umsóknin í farveg hefðbundinnar afgreiðslu.

3. Vernd sæstrengja og skipulag haf- og strandsvæða

Sæstrengir eru mikilvægir fjarskiptainviðir sem m.a. tengja Ísland við umheiminn. Mjög mikilvægt er að slíkt samband sé ávallt til staðar og rof á sambandi við önnur lönd getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir samfélagið. Því er mikilvægt að gera allt sem hægt er til þess að tryggja öryggi þessara innviða og beina starfsemi sem felur í sér áhættu á skemmdum á sæstrengjum frá lagnaleiðum strengjanna.

Því fleiri sem sæstrengir til útlanda eru, þá minnka líkur á algjöru sambandsrofi við umheiminn. Það er því viðbúið að í framtíðinni verði leitast við að fjölga strengjum og líklegt er að einhverjir strengir muni taka land annars staðar en þeir strengir sem fyrir eru.

Í drögum að greinargerð með Grænbók um landsskipulagsstefnu segir á bls. 82:

„Strandsvæðisskipulagið þarf að afmarka svæði fyrir núverandi og fyrirséðar nýjar strengleiðir og mikilvægt er að skilgreina svæði sem stuðla að öryggi bæði raforku- og fjarskiptastrengja og koma í veg fyrir röskun á virkni þeirra.“

Fjarskiptastofa tekur undir þessi orð og telur mikilvægt að þessu verði fylgt eftir. Það getur flýtt fyrir framkvæmdum við nýja sæstrengi og dregið úr hættu á árekstrum við aðra hagsmuni tengda nýtingu hafsins, að til séu fyrirfram skilgreindar lagnaleiðir í sjó sem njóta verndar í samræmi við fjarskiptalög, þ.e. að hvorki sé veitt með botnlægum veiðarfærum né akkerum varpað á svæði sem nær fjórðung úr sjómílu hvoru megin við skipulagðar lagnaleiðir.

Í drögum að Grænbók bls. 32 segir: „Lega sæstrengja er líkleg til að hafa takmarkandi áhrif á aðra nýtingu, s.s. veiðar með botnvörpu, efnistöku og botnfestur fyrir fiskeldi.“ Fjarskiptastofa bendir á í því sambandi að sæstrengir eru ómissandi innviðir fyrir íslenskt samfélag og hvergi má draga úr vernd þeirra í þeim tilgangi að hygla annarri atvinnustarfsemi. Hins vegar er oftast hægt að finna leið til þess að lágmarka skerðingu á nýtingu sjávar með því að standa vel að skipulagi og rannsaka til hlítar hvar best sé að hafa lagnaleiðir á skipulagi með tilliti til bæði öryggis- og nýtingarhagsmuna.

Auk skipulags haf- og strandsvæða, getur skipulag á landi haft mikla þýðingu fyrir sæstrengi, enda þarf að byggja landtökustöð þar sem sæstrengur kemur á land og oft þarf að leggja bakendatengingu frá landtökustöð til þess staðar sem viðkomandi fyrirtæki afhendir viðskiptavinum sínum fjarskiptatengingu. Mikilvægt er að vinnsla skipulags og leyfisveitinga vegna slíkra framkvæmda sé einföld og skilvirk.

4. Þráðlaus net í skipulagi framtíðar

Hvað varðar þráðlaus net í skipulagi framtíðar vísar Fjarskiptastofa til 41. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 um útbreiðslu og starfrækslu þráðlausra aðgangspunkta sem þekja lítil svæði.

Eins og segir í 1. mgr. ákvæðisins þarf ekki sérstakt leyfi Fjarskiptastofu til uppsetningar á þráðlausum aðgangspunktum sem þekja lítið svæði, þó notkun tíðna í slíkum sendum getur eftir atvikum verið háð heimild.

Með tilkomu hraðari farneta og markmiða stjórnvalda um uppbyggingu háhraðafjarskiptaneta mun verða nauðsynlegt að fjölga þráðlausum aðgangspunktum sem þekja lítil svæði mjög verulega. Í 2. mgr. 41. gr. segir einmitt að stjórnvöld skuli veita aðgang að efnislegum grunnvirkjum sem þau hafa yfirráð yfir og henta tæknilega til að hýsa slíka aðgangspunkta eða eru nauðsynlegir til að tengja þá við grunnet, eins og ljósastaurar, götuskiltili o.s.frv.

Þá segir að stjórnvöld skuli sinna öllum réttmætum beiðnum um aðgang með sanngjörnum, réttmætum, gagnsæjum skilyrðum og skilmálum, án mismununar. Beiðni um slíkan aðgang skal afgreiða innan fjögurra mánaða frá því að hún er sett fram.

Almennt má segja að staða Íslands, sem hefur ekki samliggjandi landamæri með öðrum ríkjum, sé önnur en ríkja á meginlandi Evrópu. Af þeim sökum hafa mörg álitæfni vegna nýtingar

tíðnisviðs ekki átt við hér á landi. Sama má reyndar segja um lagningu strengja vegna háhraðaneta, þó svo ágreiningur hafi orðið í einstaka tilfellum um staðarval slíkra strengja.

Sett hefur verið reglugerð um eiginleika þráðlausra aðgangspunkta sem þekja lítið svæði nr. 422/2023. Reglugerðin er innleiðing á framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 2020/1070. Þar eru skilgreindir þeir eiginleikar sem slíkur búnaðar skal hafa til þess að falla undir ofangreind ákvæði um undanþágu frá leyfisskyldu og aðgang að mannvirkjum. Mikilvægt er að skipulags- og mannvirkjalöggjöf endurspegli þessar reglur á þann hátt að skýrt sé að heimilt sé að setja upp slíkan búnað án sérstakrar leyfisveitingar skipulags- eða byggingaryfirvalda.

5. Mannvirki sem truflanavaldar fjarskipta

5.1. Vindmyllugarðar

Vindorka er vaxandi tækni til endurnýjanlegrar orkuframleiðslu. Vindmyllugarðar hafa hingað til ekki verið algeng lausn hér á landi en þó hafa verið settar upp vindmyllur í tilraunaskyni á nokkrum stöðum. Þá eru uppi margvíslegar hugmyndir um vindmyllugarða hér á landi og vafalaust eiga einhverjar af þeim hugmyndum eftir að verða að raunveruleika. Því miður hafa á undanförunum árum komið upp nokkur tilfelli erlendis af truflunum á tilteknum fjarskiptakerfum vegna tilvistar vindorkuvera og þörf hefur verið á dýrum og tæknilega flóknum lausnum til úrbóta. Vindmyllur geta haft truflandi áhrif á fjarskipti eins og t.d. útvarp (hljóðvarp og sjónvarp), farnet, flug- og skipafjarskipti, þráðlausar fastanetstengingar og fleiri. Fjarskiptastofa hefur í tveimur tilvikum komið að umsagnarferli varðandi uppsetningu á vindmyllum og í þeim tilvikum hafa möguleg truflanaáhrif verið greind hjá stofnuninni áður en staðsetning hefur verið ákveðin.

Fjarskiptastofa telur því mikilvægt að í skipulagsferli sé stofnunin höfð með í ráðum þar sem bráðnauðsynlegt er að greina mögulegar truflanir á þau fjarskipti sem eru til staðar þar sem áætluð uppsetning vindmyllugarða eru fyrirhuguð. Það getur komið í veg fyrir mjög kostnaðarsamar úrbætur síðar meir.

5.2. Önnur mannvirki

Nýbyggingar, sérstaklega háhýsi sem byggð eru með nýjum byggingarefnum geta einnig truflað fjarskipti. Það á sérstaklega við þar sem unnið er með þéttingu byggðar. Nútíma klæðningar utan á húsbyggingar og gler í gluggum sem hannað er samkvæmt nýjustu stöðlum gera það að verkum að fjarskiptamerki komast trauðla í gegnum slík mannvirki.

Þá geta stærri skemmtiferðaskip truflað fjarskipti tímabundið á meðan þau eru í höfn.

6. Samantekt og ábendingar

Samkvæmt framangreindu mun eiga sér stað umfangsmikil uppbygging á fjarskiptainnvíðum á öllu landinu á næstu árum. Um er að ræða framkvæmdir fjölmargra fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja almenn fjarskiptanet, svo og fyrirtækja í opinberri eigu, s.s. Öryggisfjarskipta ohf. og Orkufjarskipti ehf., sem starfrækja sértæk fjarskiptanet. Einnig er um að ræða framkvæmdir sem ráðist er í með beinum ríkisstuðningi frá ríki og/eða sveitarfélögum. Í einhverjum tilvikum getur verið um að ræða áriðandi uppbyggingu vegna öryggis almennings og viðbragðsaðila,

t.d. vegna náttúruhamfara. Uppbyggingin tekur bæði til fastanets- og farnetskerfa og er óhjákvæmilegt að hún muni hafa áhrif á ásýnd umhverfis að einhverju marki. Það er sjálfstætt markmið í stefnu aðildarríkja EES-svæðisins að umrædd uppbygging verði bæði hröð og hagkvæm.

Á hinn bóginn er mikilvægt að uppbygging fjarskiptainni sé í samræmi við umhverfissjónarmið og markmið um sjálfbærni og falli að stefnu stjórnvalda í skipulagsmálum. Án þess að ætlunin sé að víkja fjarskiptum undan grunnkröfum skipulagsreglna hafa, á vettvangi EES-samstarfsins, verið mótaðar réttarreglur sem eiga að stuðla að hraðari uppbyggingu næstu kynslóðar háhraðaneta og tekur sú hugmyndafræði einnig til reglusetningu í skipulagsmálum og framkvæmd þeirra. Markmiðið er m.a. að gera leyfisveitingarferli hins opinbera vegna uppbyggingu á fjarskiptainni gagnsærra, einfaldara og skilvirkara.

Þá eru aðrir þættir í fjarskiptum sem hafa nán tengsl við skipulagsmál. Fjallað hefur verið um fjölgun öflugra þráðlausra staðarneta þar sem þéttleiki sendanna verður mun meiri en nú þekkt og mikilvægt að slík net falli sem best inn í umhverfi sitt og að skipulag sveitarfélaga sé ákveðið með tilliti til slíkra fjarskiptaneta. Skipulag haf- og strandsvæða þarf að taka tillit til öryggis sæstrengja, m.a. varðandi eðlis þeirrar atvinnustarfsemi sem leyfð verður í grennd við þá. Mannvirki á borð við stóra vindmyllugarða verða í umhverfis- og skipulagsferli að koma til skoðunar hjá Fjarskiptastofu m.t.t. mögulegra skaðlegra fjarskiptatruflana.

Að öllu ofangreindu virtu telur FST að innviðaráðuneytið, sem fer með yfirstjórn og stefnumótum á sviði skipulagsmála, þurfi að taka mið af eftirfarandi í stefnumótun sinni:

1. Taka þarf reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi til endurskoðunar til innleiðingar á kröfum Evrópulöggjafar vegna leyfisveitingarferlis við uppbyggingu á háhraða fjarskiptanetum.
2. Skipulag haf- og strandsvæða þarf að taka ríkara tillit til vernd sæstrengja, sérstaklega þegar um er að ræða útlandasambönd.
3. Marka þarf heildstæða stefnu fyrir landið allt um hvernig sveitarfélög beiti skipulagsvaldi í tengslum við þráðlaus staðarnet, þ.m.t. hvernig mannvirki í opinberri eigu verði hönnuð og notuð til að slík fjarskiptakerfi falli sem best að umhverfinu.
4. Við umhverfismat og leyfisveitingarferli stjórnvalda, vegna umfangsmikilla mannvirkjagerðar, sem þekkt er að geti valdið skaðlegum fjarskiptatruflunum, s.s. uppbygging vindmyllugarða, verði gert skylt að leita umsagnar hjá Fjarskiptastofu um mögulega hættu á og afleiðinga af skaðlegum fjarskiptatruflunum.

FST gerir sér grein fyrir að framangreindar ábendingar eiga ekki endilega allar erindi inn í efnistöð Grænbókar um skipulagsmál með beinum hætti. Þó telur FST að um sé að ræða mikla samfélags- og almannahagsmuni sem stjórnvísla skipulagsmála þurfi að taka tillit til. Það er álit

FST að hægt sé að vísa til þessara hagsmuna og þeirra áherslubreytinga í regluumhverfi sem fram undan eru á þessu sviði án mikilla textabreytinga á stefnumótunarskjalinu. Fyrir sitt leyti er Fjarskiptastofa tilbúin til að taka samtal við innviðaráðuneytið um þessi mál og leggja til vinnuframlag til frekari útfærslu á framangreindum ábendingum stofnunarinnar, ef eftir því verður leitað.

Virðingarfyllst,
f.h. Fjarskiptastofu


Björn Geirsson